

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar
Stíllholti 16-18
300 Akranesi

Reykjavík, 23. september 2025
Mál nr. 2509448

Efni: Endurgreiðsluhlutfall vegna réttindasafns Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar

Á fundi stjórnar Brúar lífeyrissjóðs 22. september 2025 var lagt fram bréf tryggingastærðfræðings sjóðsins, Bjarna Guðmundssonar, dagsett 14. september 2025 þar sem lagt er til að endurgreiðsluhlutfall launagreiðenda á greiddum lífeyri í réttindasafni Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar fyrir árið 2026 verði óbreytt, eða 67%.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt tillögu tryggingastærðfræðingsins og vísar málinu til afgreiðslu bæjarstjórnar í samræmi við ákvæði greinar 35 í samþykktum sjóðsins sem er svohljóðandi:

Sveitarfélög og aðrir aðilar sem tryggt hafa starfsmenn í B-deild skulu greiða viðbótariðgjöld mánaðarlega sem er tiltekið hlutfall af útgjöldum hans til lífeyrisgreiðslna í B-deild.

Hlutfallstala viðbótariðgjalds skal ákveða árlega sérgreint fyrir hvert réttindasafn. Bæjarstjórn í því sveitarfélagi þar sem upprunasjóður réttindasafns starfaði ákveður hlutfall réttindasafnsins að fenginni tillögu tryggingastærðfræðings og sjóðsstjórnar. Við þá ákvörðun skal miðað við að viðbótariðgjaldið ásamt innborguðum iðgjöldum gæti staðið undir öllum lífeyrisgreiðslum og rekstrarkostnaði réttindasafnsins og upprunasjóðs þess ef miðað er við þá ávöxtun sem gert er ráð fyrir við tryggingafræðilega athugun sjóðsins. Við útreikninga skal gert ráð fyrir að ávöxtunin hefði náðst allan rekstrartíman og útreiknað hlutfall verið í gildi og til framtíðar reiknað með gildandi tryggingafræðilegum forsendum um lífs- og örorkulíkur.

Hjálagt er bréf tryggingastærðfræðings.

Virðingarfyllt,
f.h. Brúar lífeyrissjóðs

Þóra Jónsdóttir
Sviðstjóri réttinda- og lögfræðisviðs